

## 10. Frumvarp

til laga um verslunarskýrslur.

(Lagt fyrir Alþingi 1922).

### 1. gr.

Um allar innfluttar og útfluttar vörur skulu viðtakendur eða sendendur varanna vera skyldir til, um leið og þeir taka við vörunum eða senda þær, að láta lögreglustjórum eða þeim, sem koma í þeirra stað, í tje skýrslur um tegund og magn varanna, löndin, sem þær eru keyptar frá eða seldar til, svo og innkaupsverð innfluttra vara að viðbættum flutningskostnaði til landsins og söluverð útfluttra vara á útflutningshöfn hjér á landi, alt eftir því sem eyðublöð þau greina og reglugerðir, sem landsstjórnin gefur út.

Í lögum þessum telst handhafi farmskirteinis móttakandi innfluttrar vöru og sendandi útfluttrar vöru sá, er samkvæmt farmskirteini því, sem fylgja á vörunum til útlanda, er sendandi vörunnar. En sje sendandi fjarverandi, þá hvílir skyldan til að gefa verslunarskýrslu á þeim, sem annast afgreiðsluna á vörunni fyrir hann á burtfararstað útflutningsskips. Útflutningshöfn telst sú höfn, þar sem vara er látin í skip og farmskirteini gefið út yfir hana beint til útlanda, hvort sem hún er flutt alla leið með sama skipi eða umhlaðin síðar í önnur skip.

Á sama hátt skal gefa skýrslur um böggla sem koma til landsins eða sendir eru úr landi í bögglapósti, en póststjórnin heimtir iun skýrslur um þá, en eigi lögreglustjóri.

### 2. gr.

Eigi má án samþykkis lögreglustjóra eða umboðsmanns hans afhenda viðtakendum innfluttar vörur nje afgreiða vörur til útflutnings fyr en verslunarskýrslur hafa verið gefnar um þær. Brot gegn þessum fyrirmælum varðar sektum, alt að 200 kr. á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanns skipsins, ef hann er þar á staðnum.

### 3. gr.

Ef viðtakandi vöru eða sendandi veit eigi um verð vörunnar, þegar skýrslu skal gefa, en býst við að fá vitneskju um það innan skamms tíma, má veita honum stuttan frest til skýrslugjafar um verðið gegn því, að hann skuldbindi sig til að skýra frá verðinu sjerstaklega að frestinum liðnum. Ef búast má við, að ekki fáist vitneskja um verðið fyr en eftir langan tíma, þá skal gefa skýrslu strax um verðið, sem þá skal setja eftir áætlun.

### 4. gr.

Auk þess útdráttar úr farmskrá skips um þær vörur, er fara eiga á hverja einstaka höfn, sem samkvæmt lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörotoll ber að afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörunnar eiga að affermast, skal einnig afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn annað samhljóða eintak af farmskránni um vörur til þeirrar hafnar. Skal það síðan sent hagstofunni ásamt verslunarskýrslunum um þær vörur, er í farmskránni standa.

Nú er innflutt vara tilfærð á farmskrá skips til annars staðar en þess, sem innflytjandi samkvæmt farmskírteini á að fá hana afhenta og skal þá sá, er annast um umhleðsluna, eða ef um skipa-afgreiðslumenn er að ræða, afgreiðslumaður sá, sem veitli vörunum móttöku frá útlöndum, senda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, þar sem móttakandi er, farmskrá yfir vörur þær, sem sendar eru, og annað eintak af þeirri farmskrá ber honum að afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á þeim stað, sem varan er send frá, og varðar sömu sektum og getur í 2. gr. ef út af er brugðið. Skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans á þeim stað, sem varan er send frá, bera farmskrá þessa saman við hina erlendu farmskrá, og skrifa þar að lútandi vottorð á hana. Um innheimtu og skil innflutnings-skýrslna fyrir sliikum vörum, fer svo á sömu leið og þær hefðu verið innfluttar beint frá útlöndum til viðtakanda.

Fyrir hvert skip, er tekur vörur til útflutnings á einhverri höfn, skal skipstjóri eða afgreiðslumaður þess afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans þar, samrit af farmskrá um farm skipsins frá þeirri höfn, þar sem taldar sjeu upp allar vörur, sem skipið hefir tekið þar við til útflutnings, þar með einnig þær vörur, sem umhlaðnar hafa verið þar úr öðrum skipum og tilgreint vörumagn hverrar vöru, er komi heim við hleðsluskírteini, og sje skráin undirrituð af skipstjóra. Farmskráin sendist svo hagstofunni ásamt verslunarskýrslunum um vörur þær, sem á heuni standa.

### 5. gr.

Gefi nokkur visvitandi ranga skýrslu varðar það sektum frá 10–1000 kr. Tregðist nokkur við að láta í tje skýrslu, sem hann hefir fengið frest til að gefa, má þröngva honum til þess að frestinum liðnum með dagsektum, 2–10 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í brjefi til hlutaðeiganda.

### 6. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 16, 9. júlí 1909 um breytingu og viðauka við lög um hagfræðisskýrslur nr. 29, 8. nóv. 1895.

8. gr.

Akvæði þessara laga gilda frá 1. janúar 1922.

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu.

Frá 1. janúar 1921 var gerð sú breyting á innheimtu verslunarskýrslanna, að farið var að heimta skýrsluum hverja sendingu jafnóðum og þær eru fluttar inn eða út, í stað þess að skýrslurnar hafa áður verið heimtar inn í einu lagi fyrir alt árið eftir árslok. Var breytingin einkum gerð í þeim tilgangi að geta fengið skýrslurnar fyr birtar, en jafnframt er búist við, að þær verði miklu áreiðanlegri með þessu móti. Til þess að koma breytingu þessari á þurfti ekki laga-breytingu, því að í 1. gr. laga nr. 16, 9. júlí 1909 um breytingu og viðauka við lög um hagfræðisskýrslur eru inn- og útflytjendur skyldaðir til að gefa sem nákvæmastar skýrslur um inn- og útfluttar vörur, »alt eftir því sem eyðublöð þau greina og reglugerðir, er landsstjórnin gefur út«, en ekkert er tekið fram um, hve oft skýrslurnar sjeu gefnar eða hvenær. Fyrirkomulag þetta hefir nú verið reynt í eitt ár, og eru allar horfur á, að það muni gefast miklu betur heldur en gamla fyrirkomulagið, enda þótt allvíða hafi orðið töluverðir misbrestir á innheimtunni og hún ekki gengið eins greiðlega og reglulega eins og til var ætlast. Þá hefir það líka komið í ljós, að til þess að tryggja það, að innheimta skýrslanna geti orðið fullnægjandi, er þörf á nokkrum lagafyrirmælum, og því er frumvarp þetta fram borið. Eru tekin upp í það öll þau fyrirmæli, sem nauðsynlegt virðist að hafa í lögum um verslunarskýrslur og er því ætlast til, að lög þau, sem nú gilda um þessi efni (lög nr. 16, 9. júlí 1909) falli burtu, þegar frumvarp þetta verður að lögum.

Um 1. gr.

Hjer er ekki um önnur nýmæli að ræða en að það er beinlínis tekið fram, að skýrslurnar skuli gefnar strax um leið og vörurnar eru fluttar inn eða út. Einnig er ákvæði um, að pósthjórnin skuli annast innheimtu skýrslna um það sem sent er í bögglaþósti. Um slíkar vörur hefir einnig áður verið skylt að gefa skýrslu, en í reyndinni hafa skýrslur aðeins verið gefnar um nokkurn hluta þeirra, og svo hlýtur jafnan að verða, nema pósthjórnin annist um innheimtuna.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við 6. gr. vörutollslaganna nr. 38, 27. júní 1921, þar sem skýrslugjöfin er gerð hjer að beinu skilyrði fyrir innflutningi og útflutningi varanna eins og tollurinn er nú og lögreglustjóra gefið vald yfir vörunum þar til skýrsla er gefin. Þetta ákvæði er nauðsynlegt til þess að

lögreglustjóri geti æfinlega þvingað fram skýrslu jafnvel þótt innflytjendur eða útflytjendur skyldu sýna mótþróa eða vanrækslu í því efni. Einkum er þetta nauðsynlegt, þar sem stimpilgjald af innfluttum vörum samkv. stimpilgjaldslögunum frá 15. mars 1920 fellur í burtu í árslok 1921, því að samkvæmt þeim hefir öllum innflytjendum verið skylt uð sýna lögreglustjóra innkaupsreikninga sína og hefir hann þá getað notað þá til þess að gera eftir verslunarskýrslu, ef hana vantaði.

#### Um 3. gr.

Þar sem aðalreglan er sú, að skýrsla sje gefin um leið og varan er flutt inn eða út, þá er lögreglustjórum í þessari grein leyft að gefa undanþágu hjer frá að því er snertir skýrslu um verð, þegar inn- eða útflytjandi veit ekki um verðið t. d. vegna þess, að innkaupsreikningur er ókominn eða varan er send út óseld. Þó má lögreglustjóri aðeins veita stuttan frest til verðskýrslu, svo að setja verður áætlað verð, ef langt er að biða þess, að fullkomin víska fáist um verðið, því að öðrum kosti mundi þetta seinka altof mikið fyrir skýrslunum.

#### Um 4. gr.

Hjer er ákveðið, að afhenda skuli lögreglustjóra sjerstaka farmskrá bæði um innfluttar og útflyttar vörur, sem hann notar til þess að heimta eftir skýrslurnar og sendir svo hagstofunni ásamt skýrslunum. Farmskrá, sem lögreglustjórar fá nú um innfluttar vörur, nota þeir við innheimtu á tollinum og láta fylgja sem fylgiskjal með vörotollsreikningunum, en það er nauðsynlegt fyrir þá að hafa einnig aðra farmskrá, er þeir geti notað sem yfirlit yfir skýrslurnar og merkt við í því, er skýrslur komu, og fyrir hagstofuna er nauðsynlegt að fá slikt yfirlit jafnframt skýrslunum til þess að geta strax sjeð, hvort allar skýrslur sjeu komnar, sem koma eiga. Farmskrár um útflyttar vörur hefir eigi áður verið skylt að afhenda, en fyrir skýrslugjöfina eru þær jafn nauðsynlegar sem farmskrár um innfluttar vörur.

#### Um 5. gr.

Refsiákvæðin í þessari grein eru tekin eftir gildandi lögum, aðeins eru sektarupphæðirnar hækkaðar nokkuð vegna lækkaðs peningagildis, og dagsektir eru að eins lagðar við vanrækslu á skýrslugjöf, sem frestur hefir verið veittur til, því að á meðan að halda má sjálfum vörunum virðist ekki þörf á frekara aðhaldi.

#### Um 6.—7. gr.

Greinar þessar gefa ekki tilefni til neinna athugasemda.

#### Um 8. gr.

Vegna þess að með ársbyrjun 1922 missa lögreglustjórar þann styrk við skýrsluinnheimtuna, sem þeir hafa haft í stimpilgjaldinu af innfluttum vörum, þá virðist æskilegt og jafnvel nauðsynlegt að lög þessi gildi frá ársbyrjun 1922.